

Sögukaflar

um „svansa“ og „kanónur“ Kvernelands og hvernig þau mótuðu heyskaparhætti íslenskra bænda um árabíl

Um miðbik sjötta áratugar síðustu aldar bárust til Íslands þrenn landbúnaðarverkfæri frá Noregi sem mjög nýstárleg þóttu. Tvö þeirra urðu svo vinsæl hérlandis að þau má kalla einkennis-verkfæri við heyskap um árabíl. Hér er annars vegar átt við *heykvísl* og *heygreip* á dráttarvél en hins vegar *heyblásarann*. Hér koma nokkrar sögur af þeim.

Heygreip og heykvísl

Verkfærin tvö urðu til í Kvernelands-smiðjunum upp úr 1950. Sumarið 1952 mun Árni G. Eylands hafa verið á ferð um Jaðarinn í Noregi (Jæren) og þá komið við hjá Kverneland. Verkfærin tvö vöktu athygli hans. Upp úr heimsókninni hófust bréfaskipti Árna og smiðjustjóra Kvernelands um verkfærin. Virðast þau vera upphafið að drjúgum innflutningi verkfæranna til Íslands þar sem þau breyttu vinnubrögðum við heyskap.

Smiðirnir kusu að kalla verkfærin *Høysvans* og *Silosvans*. Heitið *svans* var þeim sameiginlegt. Það merkir hali eða skott¹, til dæmis á ref. Heitið hefur án efa átt að gefa til kynna tengingu verkfæranna við dráttarvélinu og ekki síður útlit ækisins séð frá hlið þegar fullhlaðið er. Það minnir óneitanlega á refsskott. Bæði verkfærin voru nefnilega hönnuð á þrítengibeisli dráttarvéla sem um þær mundir var að verða staðalbúnaður á nýjum dráttarvélum.

Hugsun hinna norsku hönnuða var sú að *Silosvans* skyldi auðvelda hirðingu votheys en *Høysvans* var ætlaður til hirðingar þurrheys. Bæði minntu verkfærin á handkvíslar fyrir hey og fleira, aðeins lagaðar að afli og getu dráttarvélar. Frá baki sem myndaði einnig festingu við beisli dráttarvélarinnar gengu langir tindar, mislangir eftir því hvort unnið skyldi með vothey/nýslegið hey eða þurrhey. Þannig minntu tækin, og þá einkum *Høysvans*, á heyýturnar er buðust með Farmall A og eintök bárust af til Íslands á fimmta áratug fyrri aldar.²

Verklagið var þannig að dráttarvél með kvísl/„svansi“ á þrítengibeislinu var ekið aftur á bak og heyinu ýtt saman. Tindarnir runnu undir heyið og brátt fylltist kvíslin. Síðan var henni lyft með vökvabeisli dráttarvélarinnar og beislinu læst áður en ekið var heim að hlöðu. Líka mátti

¹ <http://www.nob-ordbok.uio.no/perl/ordbok.cgi?OPP=svans&begge=+&ordbok=begge>

² Bjarni Guðmundsson: *Alltaf er Farmall fremstur*. Bls. 48.

hlaða fleiri kvíslarfyllingum uppá hver aðra til þess að koma sem mestu með í hverri ferð. Þar sem þurrheitið er bæði léttara og fyrirferðarmeira en nýslegið hey var *Høysvans* búinn tvíarma kló sem læst var yfir heyhlassið þannig að sem minnst slæddist úr því á heimleiðinni.

Votheysgerð var orðin afar útbreidd í Noregi á þessum árum. Búin voru smá og því víðast stutt á tún. Algengt var að gripahús væru á tveimur hæðum, jafnvel þremur (að haughúsi meðtöldu), og að aka mætti dráttarvél inn á hlöðuloftið (*kjørebrulåve*). Með *Silosvans* gat því verið auðvelt að hirða hey til votheyverkunar: Nýslegnu heyinu var ýtt saman með kvíslinni, hlaðið á hana tveimur þremur „fyllum“, ekið heim á hlöðuloft og heyinu síðan mokað þaðan ofan í votheysgryfjuna.

Árni G. Eylands virðist hins vegar hafa haft öllu meiri áhuga á *Høysvans* þeirra Kvernelendinga. Líkleg ástæða er sú að um þær mundir var þurrheysverkun ráðandi aðferð hérlandis. Þar sem súgþurrkun var ekki orðin eins algeng og síðar varð var heyið gjarnan sett í sæti/lanir ef ekki tókst að hirða það fullþurrt úr flekk. Heysætin voru svo hirt síðar. Algeng aðferð var að draga staðin og sigin sætin upp á sleða eða lághjóla vagna til heimflutnings, ellegar draga þau í heilu lagi með hestum, dráttarvél eða jeppa á reipum heim að eða í hlöðu. Árni mun hafa séð að með *Høysvans* mætti vinna það verk á enn hraðvirkari hátt en áður hafði þekkt; með því að taka sætin með heygrepinni og aka þeim síðan heim á góðum hraða.

Árið 1953 átti Árni G. Eylands í bréfaskiptum við O.G. Kverneland forstjóra Kvernelands Fabrikk A/S.³ Í mars það ár fékk hann tilboð (*proforma faktura*) í sitt verkfærið af hvoru, *Høysvans* og *Silosvans*, fyrir Fordson Major-dráttarvél, og auk þess í einn lyftulás. Kverneland mælti eindregið með lásnum til þess að draga úr höggálagi á vökvalyftu dráttarvélarinnar við heyflutninginn.

Verkfærin komu og voru reynd á Tilraunastöðinni að Sámsstöðum í Fljótshlíð. Árni greindi Kverneland forstjóra frá reynslunni. Hann virðist hafa kvartað yfir því að tindar *Høysvans* gengju illa undir heyið. Líka vildi hann lengri tinda á *Silosvans*. Kvernelands-menn sáu ýmsa annmarka á úrbótum, einkum vegna takmarkaðrar aðstöðu þeirra til þess að herða lengri stáltinda. Hins vegar deildu þeir skoðun Árna á tindum heygreiparinnar. Þeir voru nefnilega úr tré í fyrstu. Eftir prófanir og leit fundu Kvernelandsmenn stálrör í Þýskalandi er tóku trétindunum fram að styrk og langt fram hvað snerti rennileika í heyinu. Forstjórinn skrifaði Árna meðal annars þann 14. ágúst 1953: „*At Du på Island kommer til samme resultat som oss er interessant, og det bestyrker oss i troen på riktigheten av de konklusjoner vi var kommet til.*“ Með öðrum orðum: Að þú komst að sömu niðurstöðu og við styrkir okkur í trúnni á réttmæti þeirra ályktana er við drögum . . .

Árni virðist hins vegar hafa falað sérstaka gerð fyrir íslenskan markað af verkfærunum tveimur. Kverneland taldi það verða of dýrt auk þess sem verksmiðjan hefði ekki rými fyrir hersluofna vegna íslenskra sérkrafna um lengd og gerð kvíslatindanna.

³ Hér er byggt á bréfum Kvernelands til Árna G. Eylands í Skjalasafni Árna, EA 12 og 13, í Héraðsskjalasafni Árneseinga á Selfossi.

Á útmánuðum 1955 greindi Kverneland Árna frá því að hinir nýju stálröratindar geri *Høysvans* sérlega hentugan til flutnings á heysátum (*såte-kjöring*) og að mýkri smíðastálstindar *Silosvans* hæfðu vel til þess að taka saman nýslegið hey þótt smágert væri. Vegna rífanði sölu kvaðst Kverneland vart vera aflögufær um verkfæri til Íslands. Í sama bréfi upplýsir Kverneland að Ferguson-smiðjurnar hafi pantað hjá þeim 12.000 *Silosvans*-tinda. Segir hann það langt umfram getu smiðjunnar en að smíði heykvíslanna sé hafin í Englandi skv. sérstöku framleiðsluleyfi (*på lisensbasis*).

Síðsumars 1955 hreyfði Kverneland því við Árna, sem þá starfaði sem stjórnarráðsfulltrúi, að hann tæki að sér að gæta hagsmuna fyrirtækisins á Íslandi. Af því varð ekki. Svo virðist sem Árni hafi miðlað viðskiptasambandinu til Heklu hf sem pantaði verkfærin hjá Kverneland megi marka bréf þaðan frá 8. ágúst 1955. Mun Hekla hafa flutt nokkrar (4) heygreipar inn það sumar. Samsumars fékk SÍS einnig „*fáeinar Kvernelands-ýtur til reynslu*“ skrifaði Árni í blaðgrein.⁴ Sumarið 1955 varð ómínnilegt óþurrkasumar sunnan- og vestanlands enda sagði Árni í greininni:

Veðurfarið hefir enn eigi leyft að nota ýturnar þrjár, sem reyndar verða hér sunnanlands, þar eð ekki hefir náðst tugga í garð, en einhverntíma styttir upp og þá er gott að hafa fljótverk tæki við hendina.

Í blaðgrein nokkru fyrr sumarið 1955 sagði Árni að fyrsta „*Kvernelands-ýtan*“ er hann kallaði svo, hafi komið til landsins sumarið 1953 og farið að Sámsstöðum í Fljótshlíð.⁵ Þar var þá rekin tilraunastöð í jarðrækt.

Kvernelands-ýtan hafði verið reynd á fleiri bæjum sumarið 1955, meðal annars á skólabúinu að Hólum í Hjaltadal. Árni vitnaði til orða Kristjáns Karlssonar skólastjóra, er sagði: „*Ég er þegar sannfærður um að hér er á ferðinni ágætt tæki sem á erindi á mörg heimili í öllum sveitum landsins, þar sem traktorar við hæfi eru notaðir, og þar sem vegalengd af túni og heim í hlöðu er ekki of mikil*“⁶. Í lok greinarinnar velti Árni hentugu nafni á verkfærinu fyrir sér. Það væri meira en ýta . . . „*það er líka flutningstæki eða einskonar ökutæki*.“ Því stakk hann upp á nafninu **traktor-vögur**; með þeim væru „*gömlu vögurnar komnar í móð*“ skrifaði Árni. Undir það tók Gísli Kristjánsson ritstjóri Freys en vildi einskorða heitið við tækið notað til flutninga á hráefni til votheysgerðar.⁷ Vögu-heitið var nokkuð notað næstu árin, oftast þó í sviga aftan við heitið heygreip.

Høysvans-inn kom til prófunar hjá Verkfæranefnd sumarið 1956 (og aftur 1957). Heygreip var verkfærið kallað í skýrslunni þar sem sagt var frá mælingum og athugunum sem gerðar voru á notkun þess. Að meðaltali náðust 155 kg af þurru heyi í greipina í hverri ferð. Álitíð var að flutningsvegalengdin mætti vart vera meiri en 0,5 km til þess að hagkvæmt væri að nota verkfærið. Lokaorð skýrslunnar voru þessi:

⁴ Mbl. 31. júlí 1955.

⁵ Mbl. 29. júlí 1955.

⁶ Mbl. 31. júlí 1955.

⁷ Freyr. LII. 1956. Bls. 120-121.

*Ennfremur verður landið að vera vel slétt til þess að tindarnir gangi greiðlega undir heyið. Vinnan gengur betur, ef um nýgarðað eða nýsætt hey er að ræða, heldur en staðið hey. Loks má geta þess, að ökumaður þarf að hafa allmikla æfingu og leikni til þess að verkið gangi vel.*⁸

Eftir frekari vinnurannsóknir sumarið 1957 var ályktað að heygreipin væri „afkastamikið og hentugt tæki við flutning á þurru heyi stuttar vegalengdir“ og að heygreipina mætti „einnig nota til þess að ýta saman þurru heyi, t.d. þegar sætt er.“⁹ Heygreiparnar urðu býsna vinsælar hérlendis því seldar voru um 1100 greipar á árunum 1955-1993; flestar á árunum 1955-1960 eða ríflega 500 greipar.¹⁰

Hér má skjóta því inn að árið 1966 kom til prófunar hjá Verkfæranefnd á Hvanneyri þýsk heygreip. Hún var af gerðinni Frost og fyrirtækið Dráttarvélar hf fluttu hana inn. Hún var mjög lík stöllu sinni frá Kverneland að allri gerð; var að vísu blá að mig minnir, en Kverneland-greipin var rauð. Greipin reyndist „auðveld í notkun og meðferð“ sagði í prófunarskýrslunni.¹¹ Afköst við hirðingu með greipinni námu um 30 hestburðum á klst við 100 m flutningsvegalengd, 16-18 hb/klst við 500 m og um 10 hb/klst við 1000 m flutningsvegalengd. Fáar heygreipar af þessari tegund munu hafa selst enda þá skammt að bíða afkastameiri hirðingartækni – heyhleðsluvagnanna.

En nú er frá hinum norska *Silosvans* að segja. Þannig stóð á skrefi að verkfærið, sem fékk heitið *heykvísl* hérlendis, kom í svipaðan mund og moksturstæki á dráttarvélar tóku að berast til landsins. Heykvíslina mátti nefnilega með litlum tilfæringum tengja á arma moksturstækja dráttarvéla. Hérlendum þurrheysbændum varð heykvíslin því jafn áhrifamikil lausn og hún skyldi verða norskum votheysgerðarmönnum. Almennur innflutningur heykvíslanna virðist hafa hafist árið 1957.



Myndin sýnir ríkjandi verkhát við hirðingu þurrheys hérlendis á árunum 1960-1990:

Heimagerður heyvagn sem mokað er í með heykvísl á dráttarvél.

(Svavar M. Sigurjónsson).

⁸ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um tilraunir og athuganir framkvæmdar á árinu 1956*. Bls. 13-14.

⁹ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um tilraunir og athuganir framkvæmdar á árinu 1957*. Bls. 23.

¹⁰ Búnaðarfélag Íslands: *Tölur um innflutningur búvéla*.

¹¹ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um tilraunir og athuganir framkvæmdar á árinu 1966*. Bls. 44-46.

Þannig var kvíslin reynd hjá Verkfæranefnd sumarið 1955 sem „*heyhleðslutæki á Fordson-Major traktor*“ eins og í skýrslu um prófunina segir.¹² Eftir lýsingunni var gerð hennar önnur er síðar varð algeng: Tindarnir voru úr „2" röri og mjókka fram í odd“. Þess vegna gengu þeir illa undir smágert íslenska heyið, sagði þar. Síðar komu grennri stáltindar með lensulaga oddi, sem betur gáfust. Afköst við hleðslu þurrheys á vagn mældust 4,3 karlmannsmínútur á hvern hestburð. Í sömu athugun var reynt sams konar heyhleðslutæki er var á Hanomag-dráttarvél (R 12). „*Heygaffallinn*“ var minni en hin norska heykvísl: 1,5 m á breidd og tindarnir 1,0 m að lengd; tindarnir voru bognir og mynduðu einnig bak kvíslarinnar. Heyhleðslan reyndist miklu tímafrekari með hinni þýsku kvísl: 7,6 karlmannsmínútur á hestburð.

Með heykvísl á moksturstækjum var komið verkfæri sem bauð upp á mikilvirk vinnubrögð bæði við að sæta þurrhey og að moka því á vagn. Á fáeinum árum varð þetta ráðandi verkháttur við heyskap íslenskra bænda. Heykvíslin varð því langt til jafn algengur fylgigripur moksturstækjanna og mokstursskóflan. Sakir þess hve þurrhey var stór hluti af heyfeng bænda má telja víst að Íslendingar hafi átt tiltölu-heimsmet í notkun heykvísla á þessum árum.

Heykvíslin varð eitt mikilvægasta heyskaparverkfæri íslenskra bænda frá lokum sjötta áratugarins og þar til heyhleðsluvagninn og rúllubindivélin gerðu hana nær óþarfa. Þess má þó minnast að heykvíslin var, og er jafnvel enn, notuð til ýmissa annarra flutninga, svo sem á sekkjavöru, rúlluböggum, og undir lamba- og kálfakassa ofl. Ekki færri en 4000 heykvíslar voru seldar hérlendis á árunum 1957-1993 skv. skrá Búnaðarfélags Íslands; flestar á áratugnum 1961-1970, um 3.100 kvíslar.

Heyblásarinn – „Heykanónan“

Kemur þá að þriðja heyskapartækinu frá Noregi er mikilla vinsælda naut. Sumarið 1956 mátti í byrjun heyanna lesa eftirfarandi forsiðufrétt í Vísir undir yfirskriftinni „*Heykanóna*“ í notkun að Korpúlfsstöðum – Stórvirk vinnuvél sem bændur kunna að meta.¹³ Síðan sagði:

Á Korpúlfsstöðum og ýmsum öðrum stórbúum landsins hafa nú verið tekin í notkun stórvirk og nýttkuleg verkfæri, sem mjög léttu starf bóndans og búaliðs hans.

Hér er um að ræða norska heyblásara, „heykanónur“, sem blása heyinu inn í hlöðuna eða, ef hlaðan er stór, hvert sem er í henni og þar með sparast mikill mannaflí, þegar um mikið magn er að ræða.

Tíðindamanni Vísis gafst í gær kostur á að sjá slíkt verkfæri í notkun, og var það furðuleg sjón.

Eins og kunnugt er, er hlaðan á Korpúlfsstöðum mikið gímald. Vörubifreið, hlaðinni af heyi, var ekið þar upp á loftið. Síðan var heyinu hvolft af henni skammt frá grænmáluðu verkfæri, sem einna helst líktist stórri fallbyssu, þar sem hlaupinu er stefnt upp á við, enda kalla Normenn það „höykanon“. Síðan var heyinu mokað að opi á neðri enda „kanónunnar“, en hana knýr rafmótor. Var heyinu síðari blásið hátt upp undir loft í hlöðunni og tók ekki nema örfáar mínútur að koma heyinu fyrir með þessu móti. Leggst heyið vel með þessum hætti og eru þetta ótrúlega fljótvirk vinnubrögð.

Heyblásari af þessari gerð var fyrst tekinn í notkun í Gunnarsholti í nýju hlöðunni þar í fyrrasumar, og hefur reynt frábærlega vel. Síðan komu 60 blásarar til viðbótar með ms. Heklu frá Kristjánssandi í Noregi í sumar, og nú er svo komið, að blásararnir eru á að Hvanneyri, á Hólum og víðar um landið, og má örugglega búast við, að bændum þyki mikill fengur að þeim.

¹² Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um tilraunir og athuganir framkvæmdar á árinu 1955*. Bls. 11-14.

¹³ Vísir 17. júlí 1956.


Fyrirtækið, sem smíðar þá, er norskt, eins og fyrr segir, Trygve Kverneland á Jaðri í Suður-Noregi, en umboðsmenn hér heildverzlunin Globus. Blásararnir kosta um 6 þúsund krónur, án rafmótors, en þá má nota með traktor, en með rafmótor 10—12 þúsund krónur, eftir því hve mörg rör fylgja með til þess að lengja „hlaup“ „kanónunnar“. Þá má nota blásarann við súgþurrkun og útbúnaður getur fylgt til að saxa hey.

Vinnubrögð heyblásarans minntu á hirðinguna í Odda um árið þegar kerlingin stakk hrífu sinni undir sáturnar sem við það og skipun kerlingar flugu upp í garð til Sæmundar.

Og með strandferðaskipinu Heklu höfðu þessi mikilvirku tæki komið frá Kristjánssandi en á þessum árum var skipið í sumarsiglingum til Norðurlanda. Blásararnir sextíu þóttu ekki aðeins tíðindi er þeir komu til Íslands. Norska blaðið Rogaland gat þeirra í frétt, einnig á forsíðu, í júníbyrjun þetta sumar. Titill fréttarinnar var „Første eksport av høy-kanoner“. Sjálf var fréttin þannig í íslenskri þýðingu minni:

Eins og „Rogaland“ áður var greint frá hefur Trygve Kverneland selt 60 heybyssur til Íslands. Þetta eru fyrstu verkfæri þessarar gerðar sem flutt eru út, og það eru viðskipti er komust á að tilhlutan Eylands deildarstjóra sem gafst færi á að kynna sér heybyssuna í heimsókn sinni til Rogalands í fyrrasumar. Á laugardaginn var fyrstu útflutningssendingu heybyssanna hlaðið á jarnbrautarvagna á Bryne. Frá Bryne lá leið þeirra til Kristjánssands þar sem þeim skyldi komið í skip til Íslands.¹⁴


Ef til vill var það einn þessara blásara sem um síðir rataði í Landbúnaðarsafnið fyrir tilstilli ágæts bónda í Rangárvallasýslu, hans Ara Árnasonar á Helluvaði. Málið er þó ekki fullrannsakað.



Mynd úr blaðinu Rogaland af hluta fyrstu sendingar heyblásaranna sem sendir voru af stað til Íslands. Úrklippan var í gögnum Árna G. Eylands sem Landbúnaðarsafni bærust fyrir nokkrum árum. Er það dæmi um þær margvíslegu heimildir um búnaðarsögu Íslendinga á síðustu öld sem finna má í miklu safni bréfa, bóka, mynda og skjala er Árni lét eftir sig. Árni hlutaðist til um útvegum blásaranna rétt eins og heygreipanna og -kvíslanna sem að framan var sagt frá.

Fyrsti Kvernelands-blásarinn reyndur í Gunnarsholti síðsumars 1955. Það er Páll Sveinsson sandgræðslustjóri sem hjá blásaranum stendur. (ÓG – Vn).

Á myndinni sést gerð þessara fyrstu blásara vel. Þétt settir þvertveinar héldu hliðum blásarabelgsins saman. Síðar hurfu teinarnir og málmsuða kom í staðinn.



¹⁴ Blaðið Rogaland 4. júní 1956.

Í Vísis-fréttinni sagði að fyrsti blásarinn frá Kverneland hafði komið til landsins sumarið 1955 og verið tekinn í notkun í Gunnarsholti. Þar var þá rekið stórbú með miklum heyskap. Svo vel reyndist blásarinn að innflytjandinn, Hekla h.f., tók að auglýsa hann í janúar 1956. Í fyrstu auglýsingunni sagði:



„Heyblásarinn Gnýr sem í Noregi kallast Höykanon er tvímælalaust afkastamesti heyblásari, sem hér hefir verið notaður. Reynslan við að blása inn heyi í stóru hlöðuna í Gunnarsholti í sumar sem leið, sannar það. Blæs þurru heyi í hlöðu, saxar og blæs grasi í votheystóft og blæs lofti við súgurrkun.

Blásararnir fást með viðbyggðum rafmagnsmótor, eða án mótors, ef nota skal dráttarvél sem aflgjafa. — Léttid yður erfðasta verkið við heyskapinn, að koma heyinu í hlöðu“¹⁵ . . .

Athyglisvert er að þá þegar hafði blásarinn fengið íslenskt nafn: *Gnýr*. Mig grunar að nafnið hafi komið úr smíðju Árna G. Eylands því að í september 1955, skömmu eftir að fyrsta „heybyssan“ var tekin í notkun hérlandis orti hann kvæði er hann nefndi *Gnýrblásarinn*. Fyrri tvö erindi þess eru þannig:

Miklu erfði af er létt,
ennþá hækkar bóndinn sinn rétt
og eykur sinn orkuhróður,
baslinu við að bera upp hey
bægir hann frá og segir: nei,
- blásarinn Gnýr er góður.

Föngum hann þeytir með gusti í gafi,
gríðarlegur er hraði og afl,
þó tóftin sé tólf faðma hlaða.
Gott er að nýta glæsilegt verk,
gaman er hleðst upp í sperrukverk
ilmandi angantaða.¹⁶

Mér er ekki kunnugt um aðra búbél er hafi fengið um sig lofkvæði svo skömmu eftir fyrstu kynningu, kvæði er síðar var birt í virðulegri ljóðabók. Fyrstu blásarana frá Kverneland auglýsti Hekla hf. Árið 1956 keypti Árni Gestsson fyrirtækið Globus sem hafði verið í eigu Heklu en hjá Heklu hafði hann þá starfað um árabil. Var það hluti af skiptasamningi Árna og

¹⁵ Tíminn 22. janúar 1956.

¹⁶ Árni G. Eylands: *Gróður*. Bls. 60-61.

Sigfúsar Bjarnasonar forstjóra Heklu.¹⁷ Kverneland var meðal þeirra umboða er fylgdu Globusi sem strax hóf að auglýsa hina nýju blásara.

Þegar „*heykanónur*“ Kvernelands bar að landi hér voru heyblásarar ekki alger nýjung í íslenskum sveitum. Amerískir saxblásarar, meðal annars frá International Harvester Co, voru í notkun. Líka blásarar frá Gehl en af þeirri gerð mun sá fyrsti hafa komið til Egilsstaðabænda. Fyrstu IHC-blásararnir höfðu komið tæpum áratug fyrr, meðal annars að Hvanneyri, en Runólfur Sveinsson skólastjóri hafði kynnst þeim í námsdövl sinni vestra á árunum 1944-1945. Saxblásari var líka í hópi þeirra verkfæra sem Jóhannes Bjarnason pantaði er hann fór vestur þangað á vegum ríkisstjórnarinnar til verkfæraúttegunar fyrir íslenska bændur.¹⁸ Vaxandi áhugi á votheysverkun og þá verkun votheys í háum turnum ýtti undir áhuga bænda á heyblásurum.

Það ýtti undir útbreiðslu blásaranna er frá leið að dráttarvélar voru komnar á flest hinna stærri búa. Í fyrstu voru blásararnir rimdrifnir með flatreim frá reimskífu dráttarvélar. Kom sér þá vel að margar dráttarvélanir frá IHC t.d. W-4 og Farmall A höfðu komið með reimskífu. Fljótlega leysti tengidrif frá aflúttaki flatreimabúnaðinn af hólmi. Breytidrif fengust sem auðvelduðu bændum að knýja heyblásarana með dráttarvél. Fékkst þá meira afl en með rafmótorunum sem í fyrstu voru hugsaðir sem aflagjafar blásaranna. Raforka var takmörkuð bæði að landfræðilegri dreifingu og að tiltæku afli/mótorstærð.

Innflutningstölur Búnaðarfélags Íslands sýna að töluverð sala blásara varð þegar á sjötta áratugnum. Mest varð hún þó á árunum 1964-1968, á bilinu 200-300 blásarar á ári. Fram til ársins 1993 munu þeir hafa orðið nokkuð á fjórða þúsund alls. Úr því var salan lítil því bændur voru að skipta yfir í rúllutæknina sem gerði blásarana óþarfa. Geta verður þess að fleiri tegundir erlendra blásara en Kvernelands-„kanónur“ stóðu bændum til boða. Um 1960 hófu Dráttarvélar hf að bjóða bændum blásara mjög líkrar gerðar frá norsku Erlands-smiðjunum. Í auglýsingu voru þeir einnig kallaðir Gnýblásarar.¹⁹ Erlands-smiðjurnar voru líka á Jaðrinum.

Þá verður að nefna að töluvert var smíðað af heyblásurum hér innan lands. Þar var bæði um að ræða fjöldaframleiðslu á verkstæðum en líka einstaklinga sem smíðuðu einn eða nokkra blásara. Járnsmiðjur hófu að smíða súgþurrkunarblásara fljótlega eftir að sú tækni var fyrst reynd hérlandis (1944). Blásarar til heyflutnings voru ekki ólíkir þeim að grunngerð svo smíði þeirra lá beint við sömu smíðum. Hér á eftir verður nokkurra getið.

Sumarið 1950 var í dagblaðinu Tíminn greint frá blásara er reyndur hafði verið fyrir austan Fjall.²⁰ Heimildarmaður var Árni Tómasson í Bræðratungu í Stokkseyrarhreppi, sem reynt hafði tækið: „*Það hefir reynzt mér afbragðsvel*“, sagði Árni og hélt áfram:

Er það sérlega hentugt, þar sem svo hagar til, að erfitt er að láta heyið í hlöðurnar á venjulegan hátt. Tæki þetta er á hjólum, svo að færa má það til, og er heyinu mokað á grind, en þar sogast það í trekt með loftstraumi, sem myndaður er af tíu hestafla rafmótor, er fylgir tækinu. Er hægt að beina heyinu

¹⁷ Vilhelm G. Kristinsson: *Sigfús í Heklu*. Bls. 92.

¹⁸ Freyr nnnnnnn

¹⁹ Samvinnan 54. árg. (4). 1960. Bls. 21.

²⁰ Tíminn 27. ágúst 1950.

Íslenskir bændur hafa löngum verið sjálfbjarga. Bóndi einn í Ölvesinu greindi frá nágranna er var að heyskap á engjum þar eystra og þurfti að koma heyi heim um langan veg m.a. vegna langs áveituskurðar er klauf land hans illilega. Datt honum þá í hug að brúka nýfenginn heyblásara. Blásaranum kom hann fyrir á skurðbakkanum, setti dráttarvélina á fullan snúing og blés ljánni yfir skurðinn. Þaðan var skammt á þurrkvöll. Þannig sparaði hann sér langan krók en blés á (raunar yfir...) kelduna.

Lausnin minnir á framtak annars bónda, er bjó í Andakíl. Hann festi Gný-blásara sinn aftan á sláttu-Farmalinn og blés þannig ljánni beint upp í vagn. Um þær mundir var sláttutætarinn rétt kominn til landsins. Vildi bóndinn sýnilega líkja eftir verkháttum hans – og spara sér bæði rakstrarvél og kaupakonur. Ekki er vitað til að fleiri hafi reynt þetta en þó má það vera.

hvert í hlöðuna sem er með fimm pípum, sem eru einn metri á lengd. Dreifist heyið þannig jafnt og vel um hlöðuna, og er hægt að fylla alveg upp í þak á þennan hátt.

— Annars er saga þessa tækis sú, sagði Árni að lokum, að fyrst var fenginn til landsins útlendur blásari, en síðan smíðuðu verkstæði Kaupfélags Árnesinga og Héðinn í Reykjavík sitt tækið hvort, en upp úr þessum þremur gerðum blásara smíðaði verkstæði kaupfélagsins þrjá blásara af þeirri tegund, er ég hef, þar sem sameinaðir voru kostir allra hinna fyrri gerða.

Blásarinn frá Héðni var notaður til þurrheyskirðingar í Stóru-Sandvík allt fram yfir 1970. Samkvæmt lýsingu virðist hann hafa líkst á bandaríska heyblásara þeirrar tíðar. Blásarabelgurinn var ögn mjórri en á hinum norsku blásurum. Hann var einnig rafknúinn. Heyinu þurfti að lyfta upp á pall eins og Árni í Bræðratungu lýsti.²¹

Veturinn 1956 fréttist af því að á Vélaverkstæði Magnúsar Árnasonar á Akureyri væri verið að smíða heyblásara.²² Magnús lagði sig einmitt eftir smíði ýmissa verkfæra til þess að létta bændum störf. ²³

Sumarið eftir stóð blásarinn fullbúinn og var greint frá fyrstu reynslu af honum í forsíðufrétt Dags.²³ Blásarinn var reyndur að Hvassafelli í Eyjafirði:

. . . Gegnir hann tveimur hlutverkum, bæði sem innblásari og súgþurrkari. Er þetta fullkomnari gerð en áður hefur komið frá hendi Magnúsar Árnasonar . . .

Samkvæmt upplýsingum bóndans að Hvassafelli, Benedikts Júlíussonar, og fleiri er séð hafa þetta nýja tæki að verki, er blásarinn mjög sterkur (sennilega 40 til 50 þús. rúmfet á mínútu), er hefur þó ekki verið mælt svo að óyggjandi sé. Hitt dylst engum, að erfitt er tveimur mönnum að „mata“ hann svo vel, að hann skili fullum afköstum. — Fyrsta verkefni blásarans var að færa nær 400 hesta af töðu í hlöðu. Tók það 2 daga.

Við blásarann þarf 8—10 hestafla mótur. Í fljótu bragði virðist að þessi nýi blásari jafnist á við hinn norska „Höykanon“, sem mjög er talinn fullkominn og öflugur, og hann er mun ódýrari, gagnstætt venju um innlent smíði . . .

Skiljanlega vildu menn leita samnýtingar tækisins til innblásturs og súgþurrkunar. Næstu árin varð það mjög útbreiddur verkháttur. Bændur notuðu heyblásarana til þess að „blása hita úr heyjum“ eins og það var kallað. Bæði var það gert í minni stæðum en líka stærri hlöðum sem búnar höfðu verið loftdreifikerfi í botni samkvæmt kröfum súgþurrkunartækninnar. Heyblásararnir höfðu þá lítið að segja auk þess sem notkun þeirra var slitrótt. Má halda því fram að sparnaðurinn af samnýtingu heyblásara með þeim hætti hafi engan veginn vegið upp efna- og gæðatap sem úr heyinu varð við slitróttan og lítinn loftblástur.²⁴ Ekki er vitað hve umfangsmikil blásarasmíði Vélaverkstæðis Magnúsar Árnasonar og hans manna varð.

²¹ Ari Páll Ögmundsson í Stóru-Sandvík í samtali 17. des. 2012.

²² Tíminn 22. janúar 1956.

²³ Dagur 12. september 1956.


²⁴ Fyrirkomulag opinberra styrkja til súgþurrkunarbúnaðar olli því að bændur gátu fengið stuðning við gerð loftdreifikerfis án súgþurrkunarblásara – hvor hluti var styrktur í sínu lagi. Mörgum varð því freisting að láta kerfið duga að puðra í það með heyblásara. Með rannsóknum var sýnt fram að sú aðferð var ekki fallin til

Vélsmiðjan Járnver sf í Reykjavík hóf að smíða heyblásara og var einn slíkur reyndur á Hvanneyri sumarið 1963. Kosið var að kalla þá *Rokblásara*. SÍS „eftirlíking af hinum norska *Gnyblásara* og . . . í höfuðatriðum eins að gerð“ sagði í prófunarskýrslu um blásarann.²⁵

Jón Sigurgeirsson í Árteigi í Kaldakinn, hinn vel þekkti járnsmiður, smíðaði heyblásara svo tugum skipti. Fóru þeir mest til bænda í nálægum sveitum. Þar gengu tækin jafnan undir nafninu „heybyssur“. Heybyssurnar frá Árteigi voru knúnar rafmótor, með beinni tengingu blásarahjóls og mótors, en líka með reim- eða tengidrifi dráttarvélar. Heimildarmaður skrifar:

*En heybyssur Jóns í Árteigi voru í raun mjög líkar Erlands-blásurunum frá Noregi en munu hafa verið mikið sterkari, enda mjög vönduð og góð smíði. Ég veit um tvo Massey-Harris Pony traktora sem Jón smíðaði heybyssur á og voru þær festar á beislið á Pony og drifnar af reimdrifi hans en reimdrif var staðalbúnaður á Pony*²⁶. . .

Til var einnig að heybyssurnar væru knúnir bílvélum, sumum stórum, og þá gjarnan festir á sömu grind. Dæmi urðu til um kostuleg tæki þeirrar gerðar, t.d. heybyssu sem sett var á grind af fólksbíl. Drifskafli frá aflvél bílsins var hægt að víxla á milli byssu og drifs þannig að bílnum með heybyssuna mátti aka á milli notkunarstaða.²⁷



Ólafur Sigurðsson frá Búvöllum í Aðaldal sýnir hinn þingeyska heybyssubúnað: . . . „Ja, boddíð var skorið af grindinni en framendinn skilinn eftir svo smíðaði Jón [í Árteigi] heybyssu aftan á grindina. Þessi Mercury-heybyssa var notuð um tíma [Mercury árgerð 1949] . . . ef að þurfti að færa [byssuna] þá var bara að færa drifskaflið á drifið og keyra [hana] þangað . . .



. . . Heybyssa með 90 til 100 hestafla Ford V8. Oftast voru sett undir þær hjól af gömlum hestasláttuvélum“ . . .

Til hægri er heybyssa af hinni „þingeysku“ gerð sem að framan var lýst: bílmótor og drif undir hlífum á grind og „heybyssan“ tengd á enda hennar. Flutningshjólin eru undan aflagðri hestasláttuvél. Dráttarbeisli við blásarann, t.h., sjá efri teikninguna hér að ofan. (Ljós m.: Ámundi Loftsson – Lbsafn).



verkunar gæðatöðu (Bjarni Guðmundsson: *Heyverkun*. Bls. 32-33). Með aðferðinni var eiginlega verið að misnota grunnhugmynd góðrar súgurrkunar.

²⁵ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um tilraunir og athuganir framkvæmdar á árinu 1963*. Bls. 24.

²⁶ Ólafur Sigurðsson frá Búvöllum. Í bréfi til höfundar dags. 14. jan. 2013.

²⁷ Eiður Jónsson í Árteigi í samtali 17. des. 2012.

Og fleiri smíðuðu sér heyblásara. Í Austur-Barðastrandarsýslu er vitað um a.m.k. tvo slíka, á Gróustöðum og á Kinnarstöðum. Kinnarstaða-blásarinn er nú í safni þeirra bræðra á Grund í Reykhólasveit. Sá var smíðaður á Ferguson 1949. Báðir voru blásararnir drifnir með flatreim.²⁸ Þá er vitað til þess að nemandi Hólaskóla hafi smíðað heyblásara í smíðanámi bændaeftna þar (sjá rammagrein hér síðar).



Heimasmíðaður heyblásari í vélasafni bræðranna á Grund í Reykhólasveit. (ljósm.: Unnsteinn Ólafsson).

Hér að framan hefur nokkuð verið vikið að nöfnum blásaranna. Fyrir nokkrum árum var spurnum um þau haldið uppi á vef Landbúnaðarsafns (www.landbunadarsafn.is). Í stuttu máli má segja að á grundvelli svara frá heimildarmönnum hafi tvær vinnukenningar orðið til:

- a. Tækið gekk undir tveimur nöfnum hérlendis: **heyblásari** og **heybyssa**
- b. Orðið heyblásari tíðkaðist **vestan Vaðlaheiðar en heybyssa austan hennar**

Ekki hefur tekist að greina hve langt útbreiðslusvæði orðsins heyblásari nær vestur, suður og austur um land, né heldur hve útbreiðslusvæðið orðsins heybyssa nær langt austur, suður, vestur og norður um land. Ellegar hvort mál-eyjur hvors heitis kunni að fyrirfinnast á landinu. Hér þarf því rækilegri rannsóknar við.

Í sveit eina austur á landi, að sögn traustra heimildarmanna, komu tveir sveinar nýútskrifaðir frá Bændaskólanum á Hólum. Á eldhússfundi á bæ einum þar í sveit var meðal annars rætt um heimkomu sveinanna. Greint var frá því að annar þeirra hefði komið heim með kærustu en hinn með heyblásara, sem hann hafði smíðað á járnsmíða-námskeiði skólans. „Og hjá hvorum ætli lífið verði nú stormasamara“ á þá nærstaddur bændaldungur að hafa spurt ...

Allir, sem reynslu hafa af heyblásara, vita að önuget gat verið að koma blásararörunum fyrir þannig að auðvelt væri að hnoða heyinu í hvert skot hlöðunnar, tiltekið þegar hún var að fyllast. Einhverjum (hverjum?) datt þá í hug að setja hólk úr plasthúðuðum segldúk framan á blásararrörið. Hólkurinn var stórum meðfærilegri en rörin, þ.e.a.s. á meðan blásarinn hélt niðri í sér andanum. Hins vegar var það fullkomið mannsverk að stýra hólknunum við fullan storm blásarans. Allt um þetta hef ég það eftir kunnugum mönnum – og byggi þar að auk á eigin reynslu – að téður hólkur hafi verið til

mikils léttis við hlöðufyllingu. Mig minnir að Seglagerðin Ægir hafi boðið blásarahólkana. Ég man heldur ekki betur en einn slíkur hafi fyrir margt löngu verið sendur að Hvanneyri til athugunar hjá Bútæknideild Rala, sem þá var og hét. Fátt mun þó hafa verið birt um árangur athugunarinnar.

²⁸ Guðmundur Ólafsson á Grund í Reykhólasveit í samtali 17. des. 2012.

Hversu útbreiddir blásarahólkarnir urðu veit ég ekki. Heyblásarahólkar úr segli urðu hluti tækniþróunar þurrheyskapar á Íslandi á 20. öld. Ef til vill voru þeir alíslensk tækniöðlög, næsta stig á undan heydreifikerfunum svonefndu, sem komu laust fyrir 1980. Heydreifikerfin áttu um það bil fimmtán ára notkunartíma hérlandis en ryðga nú mörg hver eða rykfalla, heil eða í hlutum, sum í mænum þurrheyshlaðna, sem flestar hverjar hafa verið teknar til annarra nota, eða eru orðnar að hífylum vindanna.

Heykvísl, heygreip og heyblásari – minjar um horfna verkhætti

Það má segja að um tíma hafi *heykvísl* og *heyblásari* mótað heyhirðingarhætti þá sem hérlandis voru algengastir á sjöunda áratugnum. Með *heykvísl* á moksturstæki dráttarvélar var heyinu ýtt saman úr görðum eftir hjólmúgavél ýmist í stærri eða minni sæti ellegar mokað beint á (oftast) heimasníðaðan heyvagn og síðan ekið heim að hlöðu. Þar beið *heyblásarinn*. Líka var til að heyið væri hirt úr stöðnum sætum. Með handkvíslum var heyinu mokað af vagni í blásarann. Maður var „á stút“ blásarans ef nákvæmni þurfti við innblásturinn, t.d. ef hlaðan var að fyllast. Moksturinn var ekki léttaverk. Gnýr frá dráttarvél, sem knúði blásarann, gat verið ærandi og hey- og mygluryk, auk fnyks af illa brenndri hráolíu, lék manninn á stútnum stundum grátt í bókstaflegri merkingu.

Með tilkomu *heyhleðsluvagnsins* lauk helsta hlutverki heykvíslarinnar en heyblásarinn gegndi áfram síst minna hlutverki en fyrir. Heyhleðsluvagnar og heybindivélar tóku að breiðast út laust fyrir 1970. Heybindivélin var ögn fyrir á ferðinni svo nam 2-3 árum. Ekki má þó gleyma því að heybindivélar höfðu verið reyndar hérlandis allöngu fyrir án þess að þær næðu almennri athygli bænda.

Við komu *heybindivélanna* (bagga- og síðar rúlluvéla) má segja að hlutverki heykvísla og heyblásara lyki. Heykvíslin varð þó sums staðar að nokkru liði áfram við flutning hinna nýstárlegu hey-eininga. Þessi breyting varð víðast í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar.

Nú eru *heykvísl*, *heygreip* og *heyblásari* víðast komin í hóp þeirra verkfæra sem kalla má sögulegar minjar. Þau eru minjar um horfna verkhætti. En það átti eftir að sannast sem blaðamaður Vísis skrifaði í fréttarfyrirsögninni sumarið 1956 um „*heykanónuna*“ frá Kverneland: „*Stórvirk vinnuvél sem bændur kunna að meta*“.

En svo hverfur heimsins dýrð.

DRÖG 18.11.2013.